

vandarhagga refsingu, og greiði allan kostnað sakarinnar bæði í hjeradi og fyrir yfirdómi, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málsfærslumannanna Lárusar Bjarnason og Páls Einarssonar, 10 kr. til hvors þeirra. Dómi þessum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 34/1891:

Guðmundur Gunnarsson
 gegn
 Ingjalði Sigurðssyni og
 Erlendi Guðmundssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað í hjeradi af Guðmundi Gunnarssyni fyrrum bónda á Möðruvöllum í Kjós gegn eigendum nefndrar jarðar, Ingjalði Sigurðssyni og Erlendi Guðmundssyni, til skaðabóta fyrir það, að þeir hafi án lög-mætra orsaka byggt honum út af nýnefndri jörð. Mál þetta var dæmt í hjeradi 17. október 1891 með þeim úrslitum, að hinir stefndu voru dæmdir sýknir af kær-um og kröfum stefnandans, en honum gjört að greiða þeim í málskostnað 60 kr.

Þessum dómi hefur Guðmundur Gunnarsson áfrýj-að til landsyfirdómsins með stefnu dags. 14. nóv. f. á. og krafizt:

1. Að undirrjettardómnum verði hrundið og breytt þannig, að hinir stefndu verði dæmdir til báðir fyrir einn og einn fyrir báða, eða stefndi Erlend-ur einn, að greiða áfrýjandanum allt að 200 kr.

skaðabótum eptir óvilhallra dómkvaddra manna mati.

2. Að stefndu verði skyldaðir til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum rjettum með 150 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati yfirdómsins. Hinsvegar hafa hinir stefndu krafizt, að undirrjettardómurinn verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að greiða hinum stefndu málskostnað fyrir yfirdómi með 30 kr., eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins.

Fyrir jól 1889 var áfrýjanda, Guðmundi Gunnarssyni, birt útbyggingarbrjef hinna stefndu, eigenda jarðarinnar Möðruvalla í Kjós, Ingjaldr Sigurðssonar og Erlendar Guðmundarsonar, til þess að flytja hurt frá nefndri jörðu, Möðruvöllum, í fardögum 1890. Hafði hann byggingarbrjef frá Ingjaldi fyrir þeirri hálfleudu jarðarinnar, er hann á, en bygging hans fyrir hinni hálfleudunni, eign Erlendar, studdist við munnlegan samning. Útbyggingarsakir voru þær: 1. að tún og engjar jarðarinnar gengju úr sjer árlega; 2. að áfrýjandi heimildarlaust hefði leigt öðrum manni nokkurn part jarðarinnar; 3. að hann hafi ekki skeytt um að uppfylla það loforð sitt, að byggja heyhlöðu upp úr rústum hins gamla bæjar; og loks 4. að hann hefði ekki nægan mannafla til að sinna þeim búskap, er nauðsynlega þyrfti við ábyli hans.

Að því kemur til hinnar fyrst greindu útbyggingarástæðu, þá hafa hinir stefndu að vísu fært nokkrar líkur til þess, að tún jarðarinnar hafi gengið nokkuð af sjer, en þó ekki getað sannað það til hlítar. Heldur ekki hafa þeir gegn neitun áfrýjanda sannað, að útbyggingarástæður þær, sem nefndar eru undir 3. og 4.

tölul. hjer að framan, eigi við næg rök að styðjast. Aftur á móti er það viðurkennt í málinu, að áfrýjandi hafi byggt öðrum manni af jörðinni, og að það hafi verið án leyfis af hendi hins stefnda Ingjaldar Sigurðssonar. En áfrýjandi hefur haldið því fram, að hinn stefndi Erlendur Guðmundsson hafi leyft það eða gefið viljrði fyrir því, að því snerti hálfleudu jarðarinnar, þá er hann á.

En þessa sögu sína hefur hann ekki getað sannað, enda hefur Erlendur neitað því, að hann hafi veitt honum nokkra heimild til þess. Með því það nú er ákvæðið í 13. gr. laga um ábúð jarða o. fl. 12. jan. 1884, að leiguliði megi eigi byggja öðrum af leigujörð sinni, nje húsmenn taka, nema landsdrottinn leyfi, þá er það rjett útbyggingarsök, ef leiguliði brýtur á móti þessu lagaákvæði. Með því áfrýjanda þannig hefur verið byggt út af ábýlisjörð sinni, Möðruvöllum, af löglegri ástæðu, kemur skaðabótakrafa hans ekki til álita í þessu máli. Það ber því, með því að landsyfirdómurinn einnig fellst á ákvæði undirrjettardómsins um málskostnaðinn, að öllu leyti að staðfesta hinn áfrýjanda dóm. Eftir málavöxtum virðist og rjett, að áfrýjandi greiði hinum stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, er þykir hæfilega ákvæðinn 20 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjanda dómi skal óraskað. Áfrýjandinn Guðmundur Gunnarsson á að greiða hinum stefndu, Ingjaldi Sigurðssyni og Erlendi Guðmundssyni, málskostnað fyrir yfirdómi með 20 krónum, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.